Sýningar

Art-Hún
Stangarhyl 7, sími 673577
Í sýningarsal og vinnustofum eru til sýnis og sölu olíumálverk, pastelmyndir, grafík og ýmsir leirmunir. Opið er frá kl. 12–18.

Árbæjarsafn
Safnið er opið alla daga nema mánudaga í sumar frá kl. 10–18. Ýmis handverkstæði eru starfrækt alla vikuna.

Ásmundarsafn
Sigtúni, sími 32155
Þar stendur yfir sýning sem ber yfirskriftina Náttúran í list Ásmundar Sveinssonar. Jafnframt hefur verið tekin í notkun ný viðbygging við Ásmundarsafn. Safnið er opið kl. 10–16 alla daga.

Byggða- og listasafn Árnesinga
Tryggvagötu 23, Selfossi

Café Mílanó
Faxafeni 11
Tita Heyde sýnir verk sín. Opið alla daga kl. 9–19 nema sunnudaga kl. 13–18.

Gallerí Borg
v/Austurvöll, s. 24211
Sölusýning á Kjarvalsverkum. Á sýningunni eru um 20 olíumyndir og um 10 vatnslitamyndir og teikningar. Fæstar myndanna hafa verið sýndar hér á landi áður en sumar koma erlendis frá. Allar myndirnar eru til sölu. Þá stendur yfir sölusýning á verkum gömlu meistaranna í kjallaranum í Pósthússtræti 9. Gallerí Borg er opið virka daga frá kl. 12–18.

Gallerí Hulduhólar
Sumarsýning stendur yfir á Hulduhólum í Mosfellsbæ, sú þriðja í röðinni. Það er Steinunn Marteinsdóttir leirlistarmaður sem stendur fyrir sýningum þessum þar sem hún býður þremur listamönnum að sýna með sér í björtum og fallegum sal á efri hæð Hulduhóla. Að þessu sinni sýna á Hulduhólum Bragi Ásgeirsson, sem sýnir ný málverk, Sigríður Ásgeirsdóttir, sem sýnir steint gler, og Olga Soffía Bergmann sem sýnir m.a. eggtemperamálverk. Steinunn Marteinsdóttir sýnir á neðri hæð leirverk, lágmyndir og nytjalist. Sýningin stendur til 22. ágúst og er opin daglega kl. 14–19.

Gallerí List
Skipholti
Sýning á listaverkum eftir ýmsa listamenn. Opið daglega kl. 10.30–18.


Gallerí Úmbra
Amtmannsstíg 1
Nú stendur yfir sýning á ljósmyndum sænska ljósmyndarans Torleif Svensson sem hann kallar Ljósmyndun/Plexigler. Uppistaða myndefnisins er íslenskir hestar. Sýningin stendur til 8. ágúst. Galleríið er opið þriðjudaga til laugardaga frá kl. 13–18 og sunnudaga frá kl. 14–18, en lokað á mánudögum.

Hafnarborg
Strandgötu 34
Þýski myndlistarmaðurinn Werner Möller sýnir verk sín í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Sýningin stendur til 2. ágúst og er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 12–18. Craig Stevens sýnir einnig ljósmyndir í kaffistofu Hafnarborgar. Á sýningunni eru málaðar ljósmyndir frá ýmsum stöðum hér á landi, einkum þó í nágrenni Hafnarfjarðar. Sýningin stendur til 2. ágúst og er opin kl. 11–18 virka daga og 12–18 um helgar.

Kjarvalsstaðir
Á sumarsýningu Kjarvalsstaða eru verk eftir Jóhannes S. Kjarval sem eru í eigu Listasafns Íslands. Á morgun, laugardag, kl. 16.00 opnar sjötti Norræni textilþríæringurinn. Að þessu sinni eru sýnd 52 verk eftir 36 listamenn frá fimm Norðurlöndum. Fulltrúi Íslands á sýningunni er Guðrún Gunnarsdóttir og á hún 3 verk. Sýningin stendur til sunnudagsins 15. ágúst og er opin daglega frá kl. 10 til 18.

Nýlistasafnið
Vatnsstíg
Nú standa yfir tvær sýningar. Í neðri sölum hússins sýnir Gunnar Magnús Andrésson verk sem unnin eru með blandaðri tækni. Í efri sölum hússins sýnir Victor Guðmundur Cilia myndraðir, unnar með gvass á pappír. Sýningarnar verða opnar daglega kl. 14–18 og standa til 1. ágúst.

Mokkakaffi
v/Skólavörðustíg
Nú stendur yfir sýning á verkum Bjarna Thorarinssonar. Þetta eru teikningar sem hann kallar vísihandrit, visio-art og vísirósir. Sýningin stendur til 5. ágúst.



Bjarni H. Þórarinsson sjónháttafræðingur. DV-mynd GVA

Sýning á Mokka-kaffi:

Endurreisn íslenskrar handritagerðar

„Íslendingar hættu að gera handrit af einhverju viti á 14. og 15. öld. Þetta er því tilraun til endurreisnar hinnar fornu íþróttar," segir Bjarni H. Þórarinsson sjónháttafræðingur en nú stendur yfir sýning á verkum hans á Mokka-kaffi.

Verkin eru unnin í nýjum listastíl, vísío-listastíl, sem Bjarni er frumkvöðull að. „Ég er að þróa nýjar aðferðir við handritagerð og eru þessi handrit því öðruvísi en hin fornu. Verkin eru í formi vísi-handrita og fylgir þeim og nýjung, svokölluð vísi-myndrit." Á Mokka gefur að líta nokkur sýnishorn hinna nýju handrita og myndrita. Sýningin stendur yfir til 5. ágúst. -as

Norræni textilþríæringurinn að Kjarvalsstöðum

Sjötti norræni textilþríæringurinn verður opnaður á laugardag kl. 16.00 að Kjarvalsstöðum. Að þessu sinni eru sýnd 52 verk eftir 36 listamenn frá fimm Norðurlöndum. Fulltrúi Íslands á sýningunni er Guðrún Gunnarsdóttir og á hún 3 verk.

Norræni textilþríæringurinn á rætur sínar að rekja til ársins 1974 þegar norrænir textil-listamenn rufu einangrun landa sinn og settu saman sýningu sem átti eftir að verða fyrirmynd annarra textilsýninga á Norðurlöndunum.

Fyrir löngu hefur hinn hefðbundni „vefnaður" vikið fyrir hugtakinu „textil" sem spannar yfir miklu fjölbreyttara svið og er sýningin að Kjarvalsstöðum gott dæmi um það. Sýningin stendur yfir til 15. ágúst og er opin daglega frá kl. 10.00–18.00.



Textil-listamenn hafa markvisst unnið að því að skilja sig frá bæði vefhönnun og nytjalist.

Gallerí Úmbra:

Ljósmyndasýning

Nú stendur yfir sýning sænska ljósmyndarans Torleifs Svensson í Gallerí Úmbru á Bernhöftstorfu. Sýningin ber yfirskriftina Ljósmyndun/Plexigler. Torleif starfar sem ljósmyndari og listamaður í Stokkhólmi og hefur haldið fjölda sýninga frá 1986 í Svíþjóð, Hollandi og Bandaríkjunum. Síðast sýndi hann fyrr á þessu ári í Gallery L'Atalier í New York. Myndirnar á sýningunni eru nýlegar ljósmyndir að grunni til en unnar með ýmiss konar tækni á mismunandi efni. Myndefnið er að mestu íslenskir hestar. Sýningin stendur til 8. ágúst.

Galleríið er opið þriðjudaga til laugardaga kl. 13.00–18.00 og sunnudaga kl. 14.00–18.00, en lokað á mánudögum.

Hanna Jórunn með sýningu í Borgarnesi

Myndlistarkonan Hanna Jórunn Sturludóttir sýnir blýants- og túss-teikningar í Félagsbæ í Borgarnesi. Hún hefur áður haldið einkasýningar í Færeyjum, Borgarnesi, á Ísafirði, í Keflavík og Reykjavík. Hún er fædd árið 1955 og er að mestu sjálfmenntuð, að undanskildum námskeiðum í Handíða- og myndlistarskólanum. Sýningin stendur yfir til 26. júlí og er opin milli 15.00 og 19.00.



Eitt af verkum Hönnu Jórunnar.

Sýningar

Nesstofusafn
Neströð, Seltjarnarnesi
Lækningaminjasafn sem sýnir áhöld og tæki sem tengjast sögu læknisfræðinnar á Íslandi. Stofan er opin á sunnud., þriðjud., fimmtud. og laugardögum frá kl. 12–16. Aðgangseyrir er kr. 200.

Katel
Laugavegi 20b, sími 18610
(Klapparstígsmegin)
Til sölu eru verk eftir innlenda og erlenda listamenn; málverk, grafík og leirmunir.

Listasafn Einars Jónssonar
Njarðargötu, sími 13797
Opið alla daga nema mánudaga kl. 13.30–16. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega kl. 11–18.

Listhús í Laugardal
Engjateigi 17, s. 680430
Sjöfn Har. Vinnust. er opin virka daga kl. 13–18 og kl. 11.30–16 laugardaga. Verslanir hússins eru opnar kl. 10–18 virka daga og kl. 10–16 laugardaga. Samsýning fjölda listamanna sem selja myndverk sín í galleríinu og er ætlunin að fram fari nokkuð tíðar skiptingar á sýningartímabilinu sem standa mun fram yfir miðjan ágúst. Í miðrými Listhússins sýnir Þjóðminjasafn Íslands nokkra muni úr fórum safnsins. Sýningin verður opin kl. 10–18 alla daga nema laugardaga til kl. 16. Lokað verður á sunnudögum í sumar.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga 70
Sýning á verkum í eigu safnsins. Opið laugardaga og sunnudaga kl. 14–17. Kaffistofan er opin á sama tíma.

Listinn
gallerí – innrömmun
Síðumúla 32, sími 679025
Uppsetningar eftir þekkta íslenska málara. Opið virka daga kl. 9–18, laugardaga kl. 10–18 og sunnudaga kl. 14–18.

Listasafn Háskóla Íslands
í Odda, sími 26806
Þar er nú á öllum hæðum sýning á nýjum verkum í eigu safnsins. Opið er daglega kl. 14–18. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listasafn Íslands
Þar stendur yfir sýning á verkum úr safni Markúsar Ívarssonar í sal 2. Sýningin stendur til ágústloka og er opin alla daga nema mánudaga kl. 12–18. Kaffistofa safnsins er opin á sama tíma.

Safn Ásgríms Jónssonar,
Bergstaðastræti 74, sími 13644
Sumarsýning stendur yfir. Úrval mynda eftir Ásgrím. Safnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 13.30–16.

Sjóminjasafn Íslands
Vesturgötu 8, Hafnarfirði, s. 654242
Sjóminjasafnið er opið alla daga frá júní út september kl. 13–17.

Stofnun Árna Magnússonar
Árnagarði v/Suðurgötu
Handritasýning opin alla virka daga í sumar kl. 14–16.

Póst- og símaminjasafnið
Austurgötu 11, Hafnarfirði, sími 54321
Opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15–18. Aðgangur ókeypis.

Vinnustofa Ríkeyjar
Hverfisgötu 59, sími 23218
Þar eru til sýnis og sölu postulínslágmyndir, málverk og ýmsir litlir hlutir. Opið er á verslunartíma þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 12–18 og á laugardögum kl. 12–16.

Þjóðminjasafn Íslands
Opið alla daga nema mánudaga kl. 11–17.

Ásmundur Sveinsson í Perlunni
Í Perlunni við Öskjuhlíð stendur yfir sýning á 6 höggmyndum eftir Ásmund Sveinsson en á þessu ári eru liðin 100 ár frá fæðingu hans og er sýningin sett upp af þessu tilefni. Sýningin stendur til 29. ágúst en Perlan er opin alla daga kl. 9–23.30.

Minjasafnið á Akureyri
Aðalstræti 58, sími 24162.
Opið daglega kl. 11–17.

Málverk á Edduhótelinu á Klaustri
Þórdís Árnadóttir myndlistarmaður sýnir í veitingasal og setustofu Hótel Eddu á Kirkjubæjarklaustri. Hún sýnir þar 14 olíumyndir, ýmist unnar á masónít eða striga. Sýningin stendur fram eftir sumri og eru öll verkin til sölu.